



**Húnaþing vestra**

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

nr. erindis 2207024.

**FRAMKVÆMDARLEYFI**  
**Vatnsnesvegur (711), Kárastaðir -Skarð.**

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar þann 11. júlí 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Efni: Vatnsnesvegur, Kárastaðir - Skarð, umsókn um framkvæmdaleyfi.

Svofelld bókun var gerð:

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi sem felur í sér endurbyggingu á Vatnsnesvegi (711), Kárastaðir - Skarð, samtals 7,1 km kafla Vatnsnesvegur í Húnaþingi vestra. Vegstæði á Vatnsnesvegi verður endurbyggt með nokkrum lagfæringum á plan- og hæðarlegu.

Gert verður tímabundið framhjáhlaup fram hjá skeringu við stöð 10.700 við Skarð. Framhjáhlaup verður fjarlægt að framkvæmdum loknum. Allt efni í framkvæmdina kemur úr skeringum meðfram vegi og verða því engar námur notaðar í verkið.

Verkið verður boðið út í lok sumars 2022 og áætlað er að framkvæmdir hefjist í haust. Áætlað er að framkvæmdum verði að fullu lokið haustið 2023.

*Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulag og er ekki tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2022.*

Á 1141. fundi sveitarstjórnar Húnaþingi vestra þann 12. júlí 2022 var 10. liður fundargerðar 346. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar samþykktur samhljóða.

**Framkvæmdaraðili:**

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðarbæ.

**Umfang framkvæmdar:**

Framkvæmdin felur í sér endurbyggingu Vatnsnesvegi(711), Kárastaðir -Skarð, samtals 7,1km kafla.

**Gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á:**

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með bréfi dagsettu 3. desember 2021.

Áður voru fyrirbyggjandi eftirtalin gögn:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi dagsett 8. júlí 2022.
- Yfirlitsmynd dagsett 28. Mars 2022.
- Hnitsett kort dagsett 5. júní 2022.

**Dagsetning samþykktar leyfisveitanda:**

Framkvæmdaleyfið gildir frá 12. júlí 2022.

**Gildistími framkvæmdaleyfis:**

Heimilt er að hefja framkvæmdir nú þegar Framkvæmdaleyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 12. júlí 2023 til framkvæmda við framangreinda framkvæmd og fellur úr gildi að þeim tíma liðnum.

Framkvæmdaleyfisgjald 40.956.-

Hvammstangi, 10. ágúst 2022

  
Elísa Yr Sverrisdóttir,  
f.h. skipulagsfulltrúi